

Nr. 3.  
12.  
janúar.

## Lög

um

fjármál hjóna,

### **Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### I. þáttur.

##### Kaupmálar hjóna.

##### 1. gr.

Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafjelagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sje skriflegur og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giptingu. Eigi má breyta kaupmála nje fella hann úr gildi, nema með nýjum kaupmála.

##### 2. gr.

Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sje það ómyndugt eða svipt fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til.

##### 3. gr.

Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sje hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sje hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefur staðfest hann.

Nr. 3. Lög 12. janúar um fjármál hjóna.

Autoriseret Oversættelse i Gehold til Lov 18de September 1891.

## **Lov**

Nr. 3.  
12te  
Jan.

om

Formueforholdet imellem Egtefæller.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### **Kapitel I.**

#### **Egtepagter.**

##### **§ 1.**

Egtepagt, hvorved Afvigelse gøres fra det sædvanlige almindelige Formuefællesskab mellem Egtefæller, skal, hvad enten den indgaas før eller efter Egtteskabets Stiftelse, for at være gyldig oprettes skriftligt under Parternes Haand. Forandring i eller Ophevelse af en bestaaende Ektepagt maa ske ved en ny Ektepagt.

##### **§ 2.**

Er nogen af Parterne, der oprette Ektepagt, mindreaarig, udfordres Kurators Samtykke, og er nogen af dem umyndig eller umyndiggjort, foruden dennes eget Samtykke Børgens.

##### **§ 3.**

Ektepagt, oprettet i Overensstemmelse med foranstøtte Bestemmelser, er bindende for Parterne selv og for deres Arvinger uden kongelig Konfirmation, for saa vidt den indgaas førend Egtteskabet. Oprettes den under Egtteskabet, bliver den bindende for Parterne selv og for deres Arvinger, naar den er konfirmeret af Kongen.

Nr. 3. Lov af 12te Januar om Formueforholdet imellem Egtefæller.

Nr. 3.  
12.  
janúar.

## 4. gr.

Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má sýnja um hana að öllu eða nokkru leyti.

Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera sjereign hins, eða að sjereign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri atvinnu annars þeirra skuli vera sjereign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara.

## 5. gr.

Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giptingardeg, sje hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi.

Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans rjettindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans, eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslíð undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eptir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eptir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefur fengið til sjereignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fje fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fje, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fje þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn áður en þess var aflað.

## 6. gr.

Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hjer á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenska landsyfrrjett.

## 7. gr.

Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sjerstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sje þinglesinn á varnarþingi bóndans, sjeu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna.

## 8. gr.

Á skuldabrfjef, hlutabrfjef, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gera áritun um kaupmálann. Þangað til það er gert, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast rjettindi yfir tjeðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann.

Nr. 3. Lög 12. janúar um fjármál hjóna.

## § 4.

Ved Egtepagt kunne Parterne med Sagttagelse af denne Lovs Bestemmelser paa enhver i øvrigt lovlig Maade ordne Formueforholdet imellem sig, dog at, hvis Konfirmation behøves, denne kan nægtes i det hele eller for en Del.

Dog kan det ikke i Egtepagts Form eller paa anden Maade gyldigen vedtages, at den ene Egtefælles hele saavel nuværende som tilkommende Formue skal være den andens Særeje, eller at vedkommende Egtefælles eget Særeje skal være den anden Egtefælles udelukkende Raadighed underkastet, ej heller, at det, som den ene Egtefælle erhverver ved selvstændig Virksomhed, skal være den andens Særeje eller dennes udelukkende Raadighed underkastet. Heller ikke kunne Egtefæller ved Egtepagt betinge sig Fritagelse for de i denne Lovs §§ 11 og 22 omhandlede Forpligtelser.

## § 5.

Egtepagt har Gyldighed mod Tredjemand fra den Dag, da Egtetabet indgaas, naar den forinden er behørig tinglæst (jfr. §§ 6 og 7). For at have Gyldighed overfor Krav, som ere ældre end Egtetabets Indgaaelse, skal det dog være tilstrækkeligt, at Egtepagten inden sidstnævnte Tidspunkt er begæret tinglæst, saasnart ske kan. I alle andre Tilfælde har Egtepagt først Gyldighed mod Tredjemand fra den Dag, den er tinglæst.

Egtepagt er ikke til Hinder for, at Tredjemand, som ikke havde Kundskab om den, ved Retshandler forinden Tinglæsningen erhverver Rettigheder over Egtefællernes Ejendele; Kreditorer, hvis Krav ere ældre end Tinglæsningen eller i det i foregaaende Stykke, 2det Punktum, omtalte Tilfælde Begæringen om Tinglæsning og ikke rejse sig fra en med Kundskab om Egtepagten afsluttet Retshandel, kunne efter forgæves at have søgt Dækning hos den Egtefælle, som er deres Skyldner, søge Fyldestgørelse i det, som ved Egtepagten er overført til den anden Egtefælle som dennes Særformue, medmindre det bevises, at Skyldneren paa den Tid, Egtepagtens Gyldighed mod Tredjemand begyndte, havde tilstrækkelige Midler til at dække alle sine Forpligtelser. For saa vidt Egtepagten angaar fremtidig Erhvervelse, udelukkes dog Kreditorer fra nævnte Ret til Fyldestgørelse uden Hensyn til Egtepagten, naar Erhvervelsen først er sket efter Egtepagtens Tinglæsning.

## § 6.

Tinglæsningen skal i det i foregaaende Paragraf omtalte Tilfælde ske ved Mandens personlige Bærning. Mangler et personligt Bærning, hvor Egtepagt skal tinglæses her i Landet, træder den kgl. islandske Landsøverret i Stedet.

## § 7.

Naar Egtepagten skal udstrække sin Virkning til Retshandler om faste Ejendomme, maa den tillige tinglæses særlig ved disses Bærning. Uders ville Retshandler, indgaaede af Tredjemand i god Tro, være gyldige uden Hensyn til Egtepagten, selv om denne er tinglæst ved Mandens personlige Bærning, naar de ere afsluttede inden Egtepagtens Tinglæsning ved paagældende faste Ejendoms Bærning.

## § 8.

Gældsbreve, Aktier, Policier og deslige Dokumenter maa forsynes med Paategning om Egtepagten. Saa længe dette ikke er sket, kan Tredjemand, der er i god Tro, ved Retshandler erhverve Rettigheder over de nævnte Dokumenter uden Hensyn til Egtepagten.

Nr. 3.  
12.  
janúar.

## 9. gr.

Eptir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefur verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbrjefi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stjett málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sjerhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eptir skrá þessari fyrir 1 krónu gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og ef unnt er, stjett bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði landsstjórnarinnar það, sem fært hefur verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

## II. þáttur.

Um fjárforræði giptrar konu og umráðin yfir fjelagsbúinu.

## 10. gr.

Um forræði giptrar konu í fjármálum fer sem um fjárforræði ógiptrar. Bónða má skipa tilsjónarmann eða fjárráðamann konu sinnar. En ef ráðstöfun sú, er fram á að fara, snertir hag hans, verður að skipa annan í hans stað.

## 11. gr.

Bónði hefur einn umráð yfir fjelagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja nje leigja með óvenjulegum kjörum, eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sjer, að konan lagði til fjelagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja nje kvitta skuldabrjef, hlutabrjef, ábyrgðarskírteini, sparissjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefur lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki hennar. Vilji hún ripta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málsökun hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi.

Bónði má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda fjelagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu, á hún rjett á skaðabótum af sjereign hans eða af hans hluta fjelagsbúsins, þá er því verður skipt. Krafa til skaðabóta úr sjereign bónda skal þó hafin með lögsökun eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fjekk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eptir að búið er tekið til skipta, sje krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af fjelagsbúinu.

Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að ripta ráðstöfununni krafizt skaðabóta af sjereign bónda síns eða hluta hans af fjelagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar.

## § 9.

Ved Landskhøvdingens Foranstaltning bliver der i Reykjavik at føre Register Nr. 3, over alle tinglæste Egtepagter. Naar en Egtepagt er tinglæst, har vedkommende Sysselmand eller Byfoged straks derefter til det Kontor, som dertil ved Bekendtgørelse af Landskhøvdingen anvises, ved anbefalet Brev at indsende en Indberetning om Egtepagten, med Angivelse af Parternes Stilling, Navne og Bopæl samt af Tinglæsningsdagen, men uden nærmere Angivelse af Egtepagtens Indhold. Enhver er berettiget til paa Grundlag af skriftlig Begæring, indeholdende Oplysning om Parternes Navne og saa vidt muligt Mandens Stilling, og mod et Gebyr af 1 Kr. af dette Register at erholde Oplysning, om Egtepagt er afluttet og da, naar og hvor den er tinglæst. De nærmere Regler om dette Registers Indretning og Førelse gives af Landskhøvdingen. Udgifterne derved afholdes af Landskassen. Ved hver Maanedes Udgang bekendtgøres i den til offentlige Bekendtgørelser i Island autoriserede Avis, hvad der i Maanedens Løb er optaget i Registret; til Dækning af Udgiften herved betales 1 Kr. foruden Gebyr for Egtepagtens Tinglæsning.

Nr. 3,  
12te  
Jan.

## Kapitel II.

Hustruens Myndighed i Formueforhold og Raadigheden over Fællesboet

## § 10.

Hustruens Myndighed i Formueforhold er den samme som ugift Piges. Egtemanden kan bestikkes til Kurator eller Værge for hende, dog at der, for saa vidt han er interesseret i den Retshandel, der skal afsluttes, for saadant Tilfælde bestikkes en anden.

## § 11.

Raadigheden over Fællesboet tilkommer Manden alene. Dog kan han uden Hustruens Samtykke ikke afhænde, pantsætte eller paa usædvanlige Vilkaar eller for usædvanlig lang Tid overdrage Brugsrettigheder over fast Ejendom, om hvilken Adkomstdokumenterne oplyse, at den er indført i Fællesboet af Hustruen, eller afhænde, pantsætte eller kvittere Gældsbreve, Aktier, Policer, Sparekassébøger og deslige Dokumenter, som ere indførte i Fællesboet lydende paa hendes Navn. Heller ikke kan han uden Hustruens Samtykke indgaa Fledføringskontrakt. Vil Hustruen angribe Retshandler, stridende mod foranførte Bestemmelser, maa Retsforfølgning i den Anledning begyndes inden et Aar fra Retshandlerens Indgaaelse eller dens Tinglæsning, hvis saadan har fundet Sted.

Manden maa ikke i noget Aar uden Hustruens Samtykke ved Gaveløfte forbinde Fællesboet for mere eller af samme bortgive mere end 5 pCt. af, hvad Fællesboets Nettoformue udgjorde ved Udgangen af det sidst forløbne Aar. Handler Manden herimod, kan Hustruen fordrø Erstatning af hans Særeje eller ved Fællesboets Deling af hans Lod deri. Dog maa saadant Erstatningskrav mod Mandens Særeje gores gældende ad Rettens Vej eller forbeholdes ved Notarialbestikelse til Manden inden et Aar, efter at Hustruen er bleven vidende om den Omstændighed, hvorpaa det begrundes, og for saa vidt Erstatning søges i Mandens Lod i Fællesboet, inden en Maaned, efter at dette er kommen under Skifte.

I det i denne Paragrafs 1ste Stykke omhandlede Tilfælde kan Hustruen i Stedet for at angribe Retshandleren gøre Erstatningskrav gældende mod Mandens Særeje eller hans Lod i Fællesboet paa samme Maade som efter denne Paragrafs 2det Stykke.

Nr. 3. Lov af 12te Januar om Formueforholdet imellem Egtefæller.

Nr. 3.  
12.  
janúar.

## 12. gr.

Skuldbindingar, er kona hefur gengizt undir eða bakað sjer áður en hún giptist, hvíla og á manni hennar, nema annað sje um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa.

## 13. gr.

Ráðstafanir þær, er kona gjörir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda fjelagsbúið.

Ef gift kona verður skaðabótaskyld, án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sjer gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að fjelagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefur rjett til að fá þau endurgoldin af sjereign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af fjelagsbúinu, þegar því verður skipt.

Ef kona bakar sjer aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fullnustu-gjörðar á þeim eigi gengið að öðru en sjereign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af fjelagsbúinu, hvort sem því er skipt eða hún situr í óskiptu búi.

## 14. gr.

Nú er bóndi sviptur fjárforráðum og hefur þá fullveðja kona hans forráð fjelagsbúsins með fjárráðamanni bóndans.

## 15. gr.

Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á sjereigum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær sjeu samþykktar af amtmanni.

Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sjer trygging, er hún á í eigum bónda síns eða fjelagsbúsins.

## 16. gr.

Nú hefur bóndi bakað fjelagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rjett á að fá þau endurgoldinn af sjereign hans, eða af hluta hans af fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

## III. þáttur.

Sjereign og gjafir hjóna á millum.

## 17. gr.

Í sjereign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg rjettindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarjettur og sams konar rjettindi, heldur og verðmæt rjettindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eptirlaun, lífeyrir, forlags-eyrir, framfærslurjettur, innstæðurjettindi, óafhendanlegur afnotarjettur, þar í talinn ábúðarrjettur, atvinnurjettindi, persónuleg einkarjettindi og því um líkt. Arður af þessum Nr. 3. Lög 12. janúar um fjármál hjóna.

## § 12.

Hustruens før Egteskabet paadragne Forpligtelser paahvile tillige Manden personlig, for saa vidt andet ikke er vedtaget i en før Egteskabet oprettet og tinglæst Egtepagt. Nr. 3.  
12te  
Jan.

## § 13.

Retshandler, som Hustruen indgaar med Mandens Vilje og Vidende eller til fælles Nytte og uomgængelig Fornødenhed, forpligte Fællesboet.

Erstatningskrav uden for Kontraktforhold samt Udgifter bevirkede ved strafbart Forhold, for saa vidt Hustruen under Egteskabet paadrager sig saadanne Forpligtelser, kunne kræves udrede af Fællesboet med Ret for Manden til Fyldestgørelse af hendes Særeje, af hendes Selverhverv (jfr. § 26) eller af hendes Lod i Fællesboet ved dettes Deling.

Andre Forpligtelser, som Hustruen paadrager sig under Egteskabet, kunne kun fordres fyldestgjorte af hendes Særeje, af hendes Selverhverv (jfr. § 26) eller af hendes Lod i Fællesboet, naar dette stiftes, eller hun sidder i ustiftet Bo.

## § 14.

Naar Manden er umyndiggjort, tilkommer det den fuldmyndige Hustru i Forbindelse med Børgen at bestyre Fællesformuen.

## § 15.

Retshandler, hvorved Hustruen gør sig ansvarlig eller medansvarlig for Gæld eller Forpligtelser, stiftede af Manden, ere, hvad enten de betegne sig som Forløfte, Endossement, skadesløs Transport eller deslige, eller de fremtræde under anden Form, saasom Pantfætning af hendes Særeje for Mandens Gæld, men dog stønnes i Virkeligheden at sigte til at paadrage hende et Ansvar eller Medansvar af ovennævnte Art, ughl- dige, medmindre de ere godkendte af vedkommende Amtmand.

Det samme gælder ogsaa om Retshandler, hvorved hun frasalder en hende tilkommende Sikkerhed i Mandens eller Fællesboets Gods.

## § 16.

For Udgifter af den i § 13, 2det Stykke, omhandlede Art, som Manden har forvoldt Fællesboet, kan Hustruen kræve Erstatning af hans Særeje eller af hans Lod i Fællesboet, naar dette stiftes.

## Kapitel III.

## Særeje og Gaver mellem Egtefæller.

## § 17.

Uden for Formuefællesskabet ere ikke blot personlige Rettigheder, omend de kunne afgive Indtægt, saasom Forfatterrettigheder og lignende Rettigheder, men ogsaa saadanne Formuerettigheder, som ere uadskillelig knyttede til den berettigede Person, saasom Pensioner, Livrenter, Overlevelsesrenter, Aftægtsrettigheder, fideikommissariske Rettigheder, uoverdragelige Brugsrettigheder, derunder Fæsterettigheder, Næringsrettigheder, personlige Privilegier

Nr. 3 Lov af 12te Januar om Formueforholdet imellem Egtefæller.

Nr. 3. rjettindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í fjelagsbúið, nema öðru vísi sje  
 12. ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun.  
 janúar.

## 18. gr.

Það verður og sjereign, þótt eigi sje það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefur eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögurfur þess sje, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefur verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt.

## 19. gr.

Auk þess sem talið er í 17. og 18. gr., er allt það sjereign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera.

## 20. gr.

Hvort hjóna hefur umráð yfir sjereign sinni, nema hún sje með kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sjerstökum fjárráðamönnum.

Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sje, ráða yfir sjereign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns.

## 21. gr.

Arður af sjereign optir kaupmála og andvirði hans, skal sjereign vera, nema annað sje ákveðið í kaupmálanum.

Það sem útvegað er fyrir muni, sem í sjereign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og sjereign vera, nema annað sje ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fje úr fjelagsbúi eða af sjereign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af sjereign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í fjelagsbúinu, þá er því verður skipt.

## 22. gr.

Ef kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af fjelagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fje til gjalda þessara af sjereign sinni, meðan hún vinnst til. Geti hjónin ekki komið sjer saman, ákveður amtmaður, hve mikið þau skuli leggja til.

## 23. gr.

Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giptast, skal greiða af sjereign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sje ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af fjelagsbúinu eða sjereign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af sjereign þess, er í hlut á, eða ef þörf gerist af hluta þess úr fjelagsbúinu, þá er skipti fara fram.

## 24. gr.

Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra sjeu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sje, að gefnir sjeu munir til persónulegra nota, sem eigi sjeu meira  
 Nr. 3. Lög 12. janúar um fjármál hjóna.

o. desl. Dog indgaa de Indtægter, som nævnte Rettigheder afføde under Egteskabet, i Fællesboet, medmindre andet er bestemt ved Lov, Egtetragt eller anden lovlig Disposition.

Ar. 3.  
12te  
Jan.

#### § 18.

Særeje uden Bestemmelse herom i Egtetragt er endvidere, hvad der af nogen af Egtetællerne er erhvervet eller erhverves ved Arv, selv om Arven er Arvingens Arv efter Loven, eller Gave, naar, og i det Omfang, dette er bestemt af Arveladeren eller Giveren. Forandring i saadanne Bestemmelser af Giver eller af Arvelader kan ikke gøres ved Egtetragt.

#### § 19.

Foruden hvad der er nævnt i §§ 18 og 19, er endvidere Særeje, hvad der ved Egtetragt gyldigen er erklæret herfor.

#### § 20.

Hver af Egtetællerne raader over sit Særeje, for saa vidt ikke Bestyrelsen deraf ved Egtetragt eller ved anden lovlig Bestemmelse, f. Eks. af Arvelader eller Giver, er sat under særligt Bærgemaal.

For Hustruens Vedkommende kan det ved Egtetragt bestemmes, at hun, uagtet hun er fuldmyndig, for at raade over sit Særeje behøver Samtykke af Manden eller en Tilsynsøerge.

#### § 21.

Indtægten af Særeje efter Egtetragt, og hvad derfor anskaffes, bliver, for saa vidt ikke andet er bestemt ved Egtetragt, Særeje.

Hvad der erhverves i Stedet for Genstande, henhørende til Særeje, eller anvendes til deres Forbedring eller Udvidelse, bliver ligeledes, for saa vidt ikke andet er bestemt ved Egtetragten, Særeje; dog kan der, hvis der i nævnte Djemed er anvendt Udgifter af Fællesboet eller den anden Egtetællers Særeje, fordres Erstatning herfor af paagældende Egtetællers Særeje eller Lod i Fællesboet, naar dette stiftes.

#### § 22.

For saa vidt Udgifterne ved Husholdningen (heri indbefattet Leje af Bolig) og ved Børnenes Opdragelse og Undervisning ikke kunne afholdes af Fællesboet, er enhver af Egtetællerne pligtig til at yde Bidrag hertil af sit Særeje, for saa vidt saadant findes. I Mangel af mindelig Overenskomst herom, bestemmer Overøvrigheden, hvor meget der skal bidrages.

#### § 23.

Forpligtelser, der ved Egteskabets Indgaaelse paahviler nogen af Egtetællerne, udredes, hvis ikke andet er bestemt ved Egtetragt, af dennes Særeje, hvis saadant findes, og saa vidt tilstrække kan. Tre Forpligtelser af den nævnte Natur indfrieede af Fællesboet eller den anden Egtetællers Særeje, kan Erstatning herfor fordres af den paagældende Egtetællers Særeje eller i fornødent Fald af sammes Lod i Fællesboet, naar det stiftes.

#### § 24.

Gaver mellem Egtetæller under Egteskabet maa for at være gyldige ske ved Egtetragt, undtagen for saa vidt de bestaa i Genstande til personligt Brug, hvis Værdi

Ar. 3. Lov af 12te Januar om Formueforholdet imellem Egtetæller.

Nr. 3. verðir en svö, að samsvari efnahag gefanda, eða sje gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir  
12. eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína.  
janúar.

Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aptur, er gjafarþegi hefur af hendi innt.

Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sje að eins gert til þess að fara kringum lögin.

#### 25. gr.

Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kaþítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa fjelagsbú eða ekki.

### IV. þáttur.

Um umráð giptrar konu yfir aflafje hennar af sjálfstæðri atvinnu.

#### 26. gr.

Nú rekur gipt kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð, nje henni viðhaldið með fje bónda hennar eða fjelagsbúsins, og hefur hún þá meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sjer fyrir atvinnuarð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fje þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefur stofnað, nema samþykki hennar komi til.

### V. þáttur.

Um rjett hjóna til að slíta fjárfjelagi.

#### 27. gr.

Nú hefur bóndi eytt mjög eignum fjelagsbúsins, án þess það verði rjettlætt nægilega fyrir sjerstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir fjelagsbúinu, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjárfjelaginu sje slitið, og að full sjereign komist á.

#### 28. gr.

Þá er kona vill neyta þessa rjettar, skal hún senda amtmani skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiptarjettur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varðveita eigr búsin, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiptalaganna.

#### 29. gr.

Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sje fjelagsbú þeirra tekið til gjaldprotaskipta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjárfjelagi þeirra sje slitið. Beiðni sína um þetta sendir hún til amtmanns, og skal beiðnin tekin til Nr. 3. Lög 12. janúar um fjármál hjóna.

ikke staar i Misforhold til Giverens Aar, eller i Livsforfikring, Overlevelsesrente eller lignende Forsörgelse, der af Manden sikres Hustruen. Nr. 3.  
12te  
Jan.

Til Gave henregnes ogsaa saadan Afhændelse, som er omtalt i Lov Nr. 7 af 13de April 1894 § 28, 2det Stykke, i hvilket Tilfælde Giveren er pligtig at tilbagebetale, hvad Modtageren fra sin Side har erlagt.

Hvad der i denne Paragraf er bestemt, gælder ogsaa, hvis Gaven er skænket Tredjemand og af ham overdraget den anden Egtefælle, naar denne Fremgangsmaade skønnes at være brugt for at omgaa Loven.

#### § 25.

Bestemmelserne om Retshandlers Afkræftelse i Lov Nr. 7 af 13de April 1894 4de Kapitel finde Anvendelse paa Retshandler mellem Egtefæller, hvad enten Formuefællesskab mellem dem finder Sted eller ikke.

### Kapitel IV.

Hustruens Raadighed over Erhverv ved selvstændig Virksomhed.

#### § 26.

Hvad gift Kvinde erhverver ved selvstændig Virksomhed, som ikke væsentlig grundes eller vedligeholdes ved Mandens eller Fællesboets Midler, og hvad bevisligt er anskaffet for slikt Erhverv, har hun alene Ret til i levende Live at raade over uden Mandens eller anden Bærges Samtykke. I saadant Gods kan der ikke i Hustruens levende Live søges Fyldestgørelse for Gæld, Manden har stiftet, medmindre hun samtykker deri.

### Kapitel V.

Udgang til at fordre Formuefællesskabet hævet under Egteskabet.

#### § 27.

Naar Manden i væsentlig Grad har formindsket Fællesboet uden tilstrækkelig Undskyldning herfor i Omstændighederne eller har givet velgrundet Anledning til Frygt for Misbrug af hans Raadighed over det, kan Hustruen forlange Formuefællesskabet ophævet, saa at fuldstændigt Særeje indtræder.

#### § 28.

Hustruen, som vil gøre denne Ret gældende, har at henvende sig med skriftlig Begæring derom til Amtmanden, som efter at have undersøgt Sagen og givet Manden Vejledning til at erklære sig, afgør den. Amtmandens Afgørelse kan indankes for Landshövdingen, men Stiftretten kan da paa Hustruens Begæring træffe de til at sikre Boets Tilstedeværelse fornødne Foranstaltninger, navnlig ved Benyttelse af Skiftelovens § 57, 2det og 3dje Stykke.

#### § 29.

Endvidere kan Hustruen forlange at saa Formuefællesskabet ophævet, naar Manden ulovligt ophæver Samlivet, saa vel som naar Fællesboet kommer under Konkurs i Mandens levende Live. Hendes Begæring herom, der ikke kan afslås, rettes til Overøvrigheden. Nr. 3. Lov af 12te Januar om Formueforholdet imellem Egtefæller.

Nr. 3. greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefur hann og hinn sama rjett til þess, að fá fjárfjelagi þeirra slitið.  
12. janúar.

30. gr.

Þá er tekin hefur verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfjelagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafizt þess, að fjelagsbúið sje tekið til skipta á þann hátt, er segir í 6. kapitula skiptalaganna.

Úrskurður um, að fjárfjelagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hjer á landi, eða, sje hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hjer, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara.

2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiptalögunum koma því eigi til greina við þau skipti, er hjer ræðir um.

31. gr.

Þegar það hefur verið löglega ákvæðið í kaupmála, að fjárfjelagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafizt þess, að skipti skuli fram fara á fjelagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapitula skiptalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eptir 5. gr. þessara laga, og þannig án þess að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiptalaganna komi til greina við þau skipti.

## VI. þáttur.

Hvenær dæma skal um kaupmála eptir útlendum lögum.

32. gr.

Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hjer á landi; en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eptir lögum lands þess, þar er hún á heimili.

Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hjer á landi, og sje kaupmálinn gildur eptir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hjer á landi fyrir hjónin sjálf og erfinga þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er, eptir að bóndinn er fluttur hingað búferlum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 12. janúar 1900.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hørring.*

Ret til paa samme Maade at forlange Formuefællesskabet ophævet har ogsaa Manden, naar Hustruen ulovligt ophæver Samlivet.

Nr. 3.  
12te  
Jan.

### § 30.

Naar Begæring om Formuefællesskabets Ophævelse tages til Følge, kan enhver af Parterne forlange Fællesboet skiftet paa den i Skifteloven, Kapitel 6, angivne Maade.

Beslutningen om Formuefællesskabets Ophævelse gælder mellem Ægtefællerne indbyrdes fra Begæringens Indgivelse, men mod Tredjemand fra Beslutningens Tinglæsning ved Mandens personlige Værneting her i Landet eller, hvis han har forladt Landet, ved hans sidste personlige Værneting her i Landet, og med Virkning som af Tinglæsning af Ægtepagter, jfr. nærværende Lovs § 5.

Som en Følge heraf finder Skiftelovens § 67, 2det og 3dje Punktum ikke Anvendelse ved heromhandlede Skifte.

### § 31.

Naar Formuefællesskabets Ophævelse gyldigen er bestemt ved Ægtepagt, kan ligeledes enhver af Parterne forlange Fællesboet skiftet paa den i Skiftelovens Kap. 6 angivne Maade, dog uden at herved Forandring sker i Ægtepagtens Virkning for Tredjemand efter denne Lovs § 5, og altsaa uden at Skiftelovens § 67, 2det og 3dje Punktum finde Anvendelse ved Skiftet.

## Kapitel VI.

### Anvendelse af fremmed Ret ved Ægtepagter.

### § 32.

Denne Lovs Bestemmelser komme ogsaa til Anvendelse paa Ægtepagter, som indgaas uden for Landet, naar Manden har Bopæl her, dog at Kvindens Myndighed til at indgaa Ægtepagten bedømmes efter hendes Hjemsteds Lovgivning.

Ægtepagt, som er oprettet af en Mand, der ikke har Bopæl her i Landet, og som er gyldig efter hans Hjemsteds Lov, er, for saa vidt angaar Formueforholdet mellem Ægtefællerne, gyldig her for Parterne selv og disses Arvinger, naar den ikke indeholder noget, som strider mod denne Lov, og i Forhold til Tredjemand, naar der, saa snart ske kan, efterat Manden har taget Bopæl her, iagttages, hvad der foreskrives i denne Lovs §§ 6—8.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Juli 1900.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 12te Januar 1900.

Ministeriet for Island, den 12te Januar 1900.

*Hörning.*

*Ólafur Halldórsson.*